

Ed. 552. Frumvarp til laga [90. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. mars.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:
Hæstarétt skipa átta dómarar. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

2. gr.

3. málsliður 2. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:
Þrír dómarar geta skipað dóm í opinberu máli, ef hin almenna refsing, sem við broti
liggur, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að sex árum.

3. gr.

3. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:
Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómarar skipi dóm. Dómarar skulu taka sæti í
dómum eftir röð sem ákveðin er með almennri reglu.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú forfallast hæstaréttardómari frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra þá, að fengnum til-lögum dómsins, dómara í hans stað, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, héraðsdómara eða hæstaréttarlögmann, sem fullnægi skilyrðum til að vera skipaður dómarí i Hæstarétti. Er rétt, að setningin gildi, hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum aðilum að taka við setningu.

Nú er dómarí settur til að gegna störfum í Hæstarétti í mánuð eða lengur, og skulu laun hans þá vera hin sömu og hinna reglulegu hæstaréttardómara. Ella ákveður Hæstiréttur þóknun fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómi eða úrskurði.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslið. Hæstaréttarritari skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

6. gr.

Í stað orðanna „200 þúsund krónur“ í 2. mgr. 13. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 24/1979, komi orðin: 7 000 krónur.

7. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist:

Forseti Hæstaréttar kveður til þrjá dómendur, er taka ákvörðun um slík meðmæli, svo og meðmæli samkvæmt 16. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „sekt að fjárhæð 200—4 000 krónur“ í niðurlagi 21. gr. laganna komi: allt að 2 000 króna sekt.

9. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Alla dóma Hæstaréttar og öll ágreiningsatkvæði skal birta orðrétt í dómasafni hans. Dóma og úrskurði héraðsdóms í sömu málum skal og birta orðréttu eða úrdrátt úr þeim, þar sem slíkt er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Rækileg efnisskrá skal fylgja hverju bindi hæstaréttardóma. Hæstiréttur felur einhverjum hæstaréttardómara eða öðrum hæfum manni að annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þóknun, sem dómurinn ákveður.

10. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1982.

Ákvæði 5. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árin 1982 og 1983 getur dómsmálaráðherra samkvæmt tillögum Hæstaréttar sett two til þrjá dómara úr hópi þeirra manna, sem greindir eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, til viðbótar hinum reglulegu dómurum allt að sex mánuðum hvort ár.